



# Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

## Ánægja Ábyrgð Árangur

## Reglur á fótboltavellinum

Reglurnar gilda líka um þá sem eru áhorfendur. Í mentor er nú hægt að skrá gul og rauð spjöld í frímínútum. Dómarar á vellinum stjórna og nemendur skulu fylgja fyrirmælum þeirra í einu og öllu.

### Æskileg hegðun á vellinum

- Hvetja liðsfélaga áfram
- Brosa og hafa gaman
- Nota vaxtarhugarfar
- Fara í þau lið sem dómarinn ákveður og fara að hans fyrirmælum
- Hrósa fyrir það sem vel gert
- Biðjast afsökunar þegar við gerum mistök
- Bera virðingu fyrir öllum, líka þeim sem æfa ekki fótbolta
- Sýna því skilning að dómarar gera mistök eins og aðrir

Dómarar fylgjast sérstaklega með ókurteisi, dónaskap og grófum leik.

Á vellinum viljum við hafa jákvæða leiðtoga sem hrósa og fá alla í liðinu með sér á jákvæðan hátt.

Ef nemandi rífur kjaft er það umsvifalaust gult spjald.

Ef nemandi rífur kjaft og er dónalegur er það umsvifalaust rautt spjald.

Uppsöfnuð **4 gul** spjöld er eins leiks bann.

Uppsöfnuð **7 gul** er tveggja leikja bann.

Uppsöfnuð **10 gul** er þriggja leikja bann.

**2 gul** í sama leiknum er rautt spjald og þá eins leiks bann.

Beint rautt er tveggja leikja bann.

Beint rautt í annað sinn er þriggja leikja bann.

Öll spjöld fynast á tveggja mánaða fresti.